



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 6/2014

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 6/2014 varð að reglum nr. 232/2012 um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Arion banki	Almenn umsögn	<p>Arion banki hf. þakkar það tækifæri að fá að koma á framfæri umsögn við umræðuskjal nr. 6/2014. Bankinn telur þó rétt að taka fram, eins og hann hefur gert áður, að telja verður rétt að Fjármálaeftirlitið gefi rúman og raunhæfan tíma þegar kemur að umsögnum. Umræðuskjal þetta barst m.a. í miðju ICAAP ferli og á tíma þar sem hittist svo á að fjölmargir almennir frídagar eru. Var þó veittur skammur frestur, er það þakkað. Ítrekað skal að til þess að hægt sé að vinna umsögn sem þessa þarf aðkomu nokkurra aðila innan bankans. Vandaðar og vel unnar umsagnir hljóta að vera til góða bæði fyrir eftirlitsaðila og eftirlitsskylda aðila þar sem báðum aðilum er ætlað að fylgja reglum.</p> <p>Arion banki bendir á að þegar reglur eru senda til umsagnar væri heppilegt ef ljóst væri í dreifibréfi sem fylgir með hvað sé nákvæmlega verið að innleiða í Evróputilskipunum og hvar það sé innleitt í viðkomandi reglum, þegar svo stendur á. Bankinn óskaði þó eftir skýringu og fékk senda slíka skýringu að hluta og er það þakkað.</p> <p>CRD IV/CRR það virðist ekki að fullu ljóst hvort verið sé að innleiða hluta að CRD IV pakkanum. Bankinn bendir á að hvorki tilskipunin né reglugerðin hafa verið innleiddar í íslenskan rétt og því erfitt að sjá hvernig FME er mögulegt að gera það án aðkomu löggjafans, sé slíkt raunin.</p> <p>Eingöngu er um almenna umsögn að ræða við reglur þessar.</p>